

Minnisblað

Til:
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 20. september 2019
Mnr. 2019020047



ÍSAFJARÐARBÆR

Úr landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883-1958 Kirkjuból-Fossar-Hafrafell

„Landamerki milli jarðarinnar **Kirkjubóls og Fossa** eru þessi : Svokallaður Svarti Bakki við ána síðan lækur og dý, þaðan sjónhending beint í fjallsbrún. (Samþykkt Júní 1884) „undirritað Jón Halldórsson eigandi Kirkjubóls og Fossa.

Landamerki milli **Kirkjubóls og Engidals** eru þessi: Svonefndur Kuldaklettur í neðri fjallsbrúninni, þaðan beint ofan í stein sem stendur á bala niðri í engjunum og þaðan þráðbeint ofan í ána, er ræðir landamerkjunum í dalnum.

Júní 1884 undirritað þáverandi landeigendur „*Sveinn Ólafsson, Jón Halldórsson Kirkjubóli, Guðný Arnmundsdóttir Engidal*“

Landamerki milli **jarðarinnar Kirkjubóls og Hafrafells** eru: Varða fyrir ofan Eldiviðar- eða Urðagötu svonefnda, sem farin er út og inn með hliðinni og þaðan bein stefna ofan í læk þann sem rennur í sjóinn skammt frá fjarðarhorninu. Frá nefndri vörðu að ofan bein sjónhending upp á fjallsbrún.

Júní 1884 samþykkt Jón Halldórsson Kirkjubóli og Þorvaldur Jónsson sóknarprestur.

Landamerki Hafrafells: Að innanverður milli Kirkjubóls og Hafrafells eru þessi landamerki: Varða fyrir ofan eldiviðar eða urðargötu svonefnda, sem farin er út og inn með hliðinni og þaðan bein stefna ofan í læk þann sem rennur í sjóinn skammt frá fjarðarhorninu. Frá svonefndri vörðu að ofan, bein sjónhending upp í fjallsbrún.

Að utanverðu milli Tungu og Hafrafells skiptir Úlfsá landamerkjum frá fjalli til fjöru

Ísafjörður 18. júlí 1904 undirritað Þorvaldur Jónsson sóknarprestur

Jón Halldórsson

P.h. Jónsson o.fl. eigendur Tungu